

Alþingi  
Erindi nr. P 139/2066  
komudagur 20. 4. 2011



Alþýðusamband Íslands

Nefndasvið Alþingis  
Félags- og tryggingamálanefnd  
Austurstræti 8 – 10  
150 Reykjavík

Reykjavík, 19. apríl 2011.  
Tilvísun: 201104-0036

**Frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 139/2005, um starfsmannaleigur, með síðari breytingum – 729 mál**

Alþýðusambandi Íslands hefur borist til umsagnar frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 139/2005, um starfsmannaleigur, með síðari breytingum – 729 mál

Eftirlitsstofnun EFTA (ESA) hefur gert athugasemdir við tiltekið efni laga nr. 139/2005, um starfsmannaleigur, með síðari breytingum, sem stofnunin telur að brjóti hugsanlega í bága við 36. gr. samningsins um Evrópska efnahagssvæðið, meðal annars að teknu tilliti til dómaframkvæmdar Evrópuþómstólsins. Gerð er grein fyrir þessum athugasemdum í athugasemdum með frumvarpinu.

Þeim breytingum sem lagðar eru til í frumvarpinu á tilteknum ákvæðum laga um starfsmannaleigur er ætlað að mæta framangreindum athugasemdum Eftirlitsstofnunar EFTA án þess þó að skerða á nokkurn hátt þau markmið sem lögunum er ætlað að ná, enda ekki gert ráð fyrir að umræddar breytingar hafi áhrif á framkvæmd laganna auk þess sem Vinnumálastofnun ber ætíð að fara að stjórnarsýslulögum í störfum sínum, meðal annars með því að gæta meðalhófs.

Sú tillaga sem nú liggur fyrir um breytingar á starfsmannaleigulögum er unnin í ágætu samstarfi við aðila vinnumarkaðarins.

Alþýðusamband Íslands leggur til að frumvarpið verði samþykkt.

Virðingarfyllst,

Halldór Grönvoid,  
aðstoðarframkvæmdastjóri ASÍ

Alþingi  
Erindi nr. D 139/2216  
komudagur 3.S. 2011



Nefndasvið Alþingis  
Félags- og trygginamálanefnd  
Austurstræti 8-10  
150 Reykjavík

Reykjavík 3. maí 2011

**Efni: Umsögn BSRB um frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 139/2005, um starfsmannaleigur með síðari breytingum, þskj. 1253 - 729. mál**

BSRB hefur fengið til umsagnar frumvarp til laga um starfsmannaleigur.

BSRB kom að vinnslu frumvarpsins á fyrri stigum og gerir engar efnislegar athugasemdir við það.

Fyrir hönd BSRB

*Helga Jónsdóttir*  
Helga Jónsdóttir  
frankvæmdastjóri



Alþingi  
Erindi nr. P 139/2332  
komudagur 9.5.2011

Nefndasvið Alþingis

Austurstræti 8-10  
150 Reykjavík

Akureyri, 9. maí 2011  
1105011 IE


**Efni:** Umsögn um 729. mál, lþ. 139, starfsmannaleigur.

Með tölvubréfi dags. 18. apríl 2011, óskaði félags- og tryggingamálanefnd Alþingis eftir umsögn Jafnréttisstofu um frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 139/2005 um starfsmannaleigur, með síðari breytingum, 729. mál, þskj. 1253, lþ. 139.

Í frumvarpinu eru lagðar til breytingar sem lúta að því að bregðast við athugasemdum Eftirlitsstofnunar EFTA við tiltekin ákvæði laganna, m.a. um að í lögnum eins og þau eru núna felist hindrun á frjólsum þjónustuviðskiptum á grundvelli 36. gr. EES samningsins.


Jafnréttisstofa telur ekki ástæðu til þess að gera athugasemdir við ofangreint lagafrumvarp, enda hafa breytingar eins og lagðar eru til í því nú þegar verið gerðar á öðrum lögum, þ.e. lögum nr. 45/2007 um réttindi og skyldur erlendra fyrirtækja sem senda starfsmenn tímabundið til Íslands og starfskjör starfsmanna þeirra.

Virðingarfyllst,

  
Ingibjörg Elíasdóttir lögfræðingur

Alþingi  
Erindi nr. P 139/2434  
komudagur 13.5.2011

Alþingi  
Félags- og tryggingamálanefnd  
150 REYKJAVÍK



## Persónuvernd

Rauðarárstíg 10 105 Reykjavík  
sími: 510 9600 bréfasími: 510 9606  
netfang: postur@personuvernd.is  
veffang: personuvernd.is

Reykjavík, 13. maí 2011  
Tilvísun: 2011040516PS/--

Persónuvernd vísar til tölvubréfs efnahags- og skattanefndar Alþingis frá 18. apríl 2011 þar sem óskað er umsagnar stofnunarinnar um frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 139/2005 um starfsmannaleigur (þskj. 1253, 729. mál á 139. löggjafarþingi).

Persónuvernd gerir ekki athugasemdir við frumvarpið.

Virðingarfyllt

A handwritten signature in black ink, appearing to be 'Þórður Sveinsson'. The signature is fluid and cursive, with a distinct 'S' at the end.

Þórður Sveinsson



Alþingi  
Erindi nr. P 139/2364  
komudagur 10. 5. 2011

RÍKISLÖGREGLUSTJÓRINN

Reykjavík 9. maí 2011

Tilvísun: 2011040175

50.03



Tilvísun yðar: Þskj. 1253-729. mál

Nefndasvið Alþingis  
Austurstræti 8-10  
150 REYKJAVÍK

**Efni: Frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 139/2005, um starfsmannaleigur, með síðari breytingum**

Vísað er til tölvupósts nefndasviðs Alþingis til ríkislögreglustjóra 18. apríl sl. þar sem leitað er umsagnar um frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 139/2005, 729. mál. Af hálfu embættis ríkislögreglustjóra er ekki tekin afstaða til frumvarpsins.

F.h. RLS

   
Guðmundur Guðjónsson / Hildur Georgsdóttir



RÍKISSKATTSTJÓRI

Alþingi  
Erindi nr. P 139/2198  
komudagur 2.5.2011

Laugavegi 166 - 150 Reykjavík - Sími 563 1100  
Fax 562 4440 - www.rsk.is - rsk@rsk.is

Alþingi, félags- og tryggingamálanefnd  
Austurstræti 8  
150 REYKJAVÍK

Reykjavík, 2. maí 2011 R2011040024  
T-ums 18/11


**Umsögn ríkisskattstjóra um frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 139/2006,  
um starfsmannaleigur - 729. mál.**

Ríkisskattstjóri hefur þann 18. apríl 2011 mótttekið tölvupóst þar sem embættinu er gefinn kostur á að veita umsögn um ofangreint þingmál.

Í athugasemdum við frumvarpi kemur fram að það sé tilkomið vegna athugasemda frá Eftirlitsstofnun EFTA. Þá kemur einnig fram að þær breytingar sem lagðar eru til séu að öllu leyti sambærilegar við þær breytingar sem Alþingi samþykkti að gera á lögum nr. 42/2007, um réttindi og skyldur erlendra fyrirtækja.

Að mati ríkisskattstjóra er ekki ástæða til að gera athugasemdir við frumvarpið.

Virðingarfyllst

  
Skúli Eggert Þorðarson

  
Guðrún J. Jónsdóttir

Alþingi  
Erindi nr. P 139/2137  
komudagur 29.4.2011



Nefndasvið Alþingis  
Austurstræti 8-10  
150 Reykjavík

nefndasvid@althingi.is

Reykjavík, 28. apríl 2011  
RH/SLB/029/2011

**Efni: Frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 139/2005, um starfsmannaleigur, með síðari breytingum, 729. mál.**

Vísað er til tölvubrúfs dags. 18. apríl 2010 þar sem óskað er eftir umsögn Tryggingastofnunar ríkisins um ofangreint lagafrumvarp.

Stofnunin hefur ekki athugasemdir við frumvarpið.

Virðingarfyllt,

Sigríður Líllý Baldursdóttir, forstjóri

Alþingi  
Erindi nr. Þ 139/2363  
komudagur 10.5.2011



Nefndasvið Alþingis  
Félags- og tryggingamálanefnd  
b/t. Hildar Evu Sigurðardóttur  
nefndarritara  
Austurstræti 8-10  
150 Reykjavík

Reykjavík, 9. maí 2011.

Efni: Frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 139/2005, um starfsmannaleigur, með síðari breytingum (729. mál).

*Viðskiptaráð þakkar nefndinni fyrir það tækifæri að fá að veita umsögn um ofangreint frumvarp sem felur í sér breytingar á reglum laga um starfsmannaleigur vegna athugasemda Eftirlitsstofnunar ESA.*

Viðskiptaráð Íslands gerir ekki sérstakar athugasemdir við ofangreint frumvarp enda er þeim ætlað að mæta þeim athugasemdum sem bárust frá Eftirlitsstofnun EFTA vegna laga um starfsmannaleigur.

Virðingarfyllt,

---

Þórdís Bjarnadóttir  
Lögfræðingur  
Viðskiptaráð Íslands



Alþingi  
Nefndasvið  
150 REYKJAVÍK  
b.t. nefndarsviðs

Reykjavík 5. maí 2011


Tilvísun: 201104-0073/0.03.01

**Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 139/2005, um starfsmannaleigur, með síðari breytingum, þskj. 1253 - 729. mál.**

Vísað er til beiðni yðar um umsögn um ofangreint frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 139/2005, um starfsmannaleigur, með síðari breytingum, sem barst í tölvupósti dags. 18. apríl 2011.

Vinnueftirlit ríkisins gerir engar athugasemdir við frumvarpið að svo stöddu.

Virðingarfyllst  
f.h. Vinnueftirlitsins



Björn Þór Rögnvaldsson,  
lögfræðingur